

8. fundur og jafnframt aukafundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn 7.ágúst 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnes 1.varamaður vegna fjarveru AB og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá:

Til umræðu er framlögð fundargerð skipulagsnefndar samþykkt á fundi nefndarinnar 1.ágúst síðastliðinn varðandi leyfi til 1) efnistöku úr námu ES3 í botni Ingólfsfjarðar og 2) leyfis til efnistöku í landi Eyrar allt að 12 m út fyrir miðlínu Ófeigsfjarðarvegar vegna viðhalds (649)

Niðurstöður hreppsnefndar eru eftirfarandi.

1. VesturVerk ehf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu merktri ES3 skv. aðalskipulagi 2005 -2025 vegna viðhalds Ófeigsfjarðarvegar (649), með bréfi dags. 28.07.2019. Sótt er um að nýta allt að 3500 rúmmetra af efni í námunni en með leyfi til nýtingar er komið í veg fyrir frekari efnisflutninga í gegnum verksmiðjuna á Eyri. Þá er í leiðinni tekið skref í að hlífa fornminjum og minnka þá áhættu sem fornminjar á Eyri verða fyrir með efnisflutningum úr námunni í Urðunum á Norðurfirði.

Hreppsnefnd leggur til að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli 13.gr. skipulagslaga. Vegna legu námunnar við fjöruborðið skal leita álits Fiskistofu áður en framkvæmdaleyfið er gefið út. Þá er ítrekað að vandað verði til frágangs á efnistökusvæðinu.

2. VesturVerk ehf. óskar eftir leyfi Árneshrepps, með bréfi dags. 28.07.2019, til að sækja efni í landi jarðarinnar Eyri til viðhalds Ófeigsfjarðarvegar (649) í allt að 12 m. út fyrir miðlínu vegarins. Núverandi veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar er allt að 6 m frá miðlínu vegar. *Hreppsnefnd hafnar beiðni VesturVerks ehf. en jafnframt telur hreppsnefnd forsendur til þess að jarðrask fari út fyrir 6 m helgunarsvæði vegarins í landi Eyrar, þar sem slíkt væri eðlilegur þáttur í því að verja vegsvæðið og veginn fyrir framburði/grjóthruni, enda yrði það þá gert í samráði við sveitarfélagið. Ennfremur ákvað hreppsnefnd að sama skuli gilda fyrir land Ingólfsfjarðar sem er líka í eigu sveitarfélagsins.*

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:30